

59. fundur stjórnar Kötlu jarðvangs haldinn í Kötluasetri, mánudaginn 21.6 2021 kl. 10-12.

Mætt: Lilja Einarsdóttir, Einar Freyr Elínarson í forföllum Þorbjargar, Eva Björk Harðardóttir, og Sigurður Sigursveinsson sem ritaði fundargerð. Björg Árnadóttir boðaði forföll. Einnig sat fundinn framkvæmdastjóri jarðvangsins, Berglind Sigmundsdóttir. Þá sat Jóhannes M. Jóhannesson fræðslufulltrúi hluta fundarins.

Lilja Einarsdóttir formaður stjórnar setti fund, og gengið var til fyrirbyggjandi dagskrár:

- Fundargerðir 56., 57. og 58. fundar voru staðfestar með undirritun.
- Berglind kynnti ítarlega greiningu á vinnuþörf vegna fyrirbyggjandi verkefna jarðvangsins. Tillaga um sex fasta stjórnarfundi á ári en jafnframt væri stofnað til fjögurra samráðsnefnda:
 - Áfangastaðurinn Katla jarðvangur (jarðvætti, skipulagsmál ofl)
 - Menningarmál
 - Ferðaþjónusta, framleiðendur og markaðsmál
 - Fræðsla og rannsóknir

Hugmyndin er að í samráðsnefndunum væri m.a. fólk sem væri nú þegar virkt í þessum málaflokkum í sveitarfélögunum (meðfylgjandi greinargerð framkvæmdastjóra)

Jafnframt kynnti Berglind hugmynd um einhvers konar Hollvinafélag Kötlu jarðvangs, eins konar bakvarðasveit, áhugamannafélag, sem mundi hugsanlega fá aðild að stjórn jarðvangsins.

Stjórnarmenn sveitarfélaganna munu kynna þessar hugmyndir fyrir sínu baklandi og samþykkt að þetta mál verði aftur á dagskrá næsta stjórnarfundar jarðvangsins.

- Berglind kynnti síðan hugmynd um skipurit jarðvangsins, m.a. með hliðsjón af ofangreindum samráðsnefndum, ásamt drögum að starfslýsingum og fyrirbyggjandi verkefnum (framkvæmdastjóri, fræðslufulltrúi, markaðs- og kynningarfulltrúi, sérfræðingur jarðvætta og skipulagsmála, „Branding“ verkefnisstjóri næstu 3-5 mán).
- Berglind fór síðan yfir uppfærða fjárhagsáætlun 2021 með hliðsjón af fyrrnefndum hugmyndum. Stjórnin færði framkvæmdastjóra þakkir fyrir mjög vönduð og ítarleg gögn, og starfsmönnum fyrir að hafa haldið út í ljósi hlutabótaleiðarinnar í fyrra. Samþykkt að framkvæmdastjóri hafi heimild til að ráða í tímabundin störf á árinu í samræmi við fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun.
- Ríkisframlögin. Samningurinn frá 2017 rennur út nú í árslok. Formanni og framkvæmdastjóra falið að leita eftir fundi með ráðherra sveitarstjórnarmála varðandi málið.
- Ungmennaráð hnattrænna UNESCO jarðvanga. Ákveðið hefur verið að stofna til ráðsins af hálfu tengslanets hnattrænna jarðvanga (Global Geoparks Network), og mun tengslanetið fjármagna ferð eins fulltrúa frá hverju jarðvangslandi á næstu UNESCO ráðstefnu hnattrænna jarðvanga þar sem gengið verður frá stofnun Ungmennaráðs hnattrænna UNESCO jarðvanga. **Stjórnin samþykkir að stofna til Samráðsnefndar ungmenna Kötlu jarðvangs og beinir því til sveitarfélaganna að tilnefna hvert einn fulltrúa (18-24 ára) úr ungmennaráðum viðkomandi sveitarfélags, eigi síðar en föstudaginn 25. júní.** Framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að málinu í samvinnu við stjórn og sveitarstjóra. Þá samþykkir stjórnin að taka þátt í kostnaði við að senda viðbótarfulltrúa á ráðstefnuna með fyrirvara um mótframlag frá Reykjanes jarðvangi.
- Jóhannes fræðslufulltrúi kynnti stjórn hugmynd að verkefni um skrásetningu ferðaleiða, undir hatti Ruritage verkefnisins. Hugsanlega væri hægt að vinna að þessu með t.d. fjármögnun frá Vinnumálastofnun, Nýsköpunarsjóðs námsmanna eða sem lokaverkefni í háskólanámi, ýmist við söfnun eða úrvinnslu gagnanna. Gæti varðað nám í fornleifafræði, sagnfræði, jarðfræði, mannfræði, landfræði eða þjóðfræði.

- Væntanleg úttekt af hálfu UNESCO kynnt.
- Verkefnið Place branding. Huga þarf að fulltrúum til að vinna í því verkefni. Rætt um að sveitarstjórnarfulltrúum verði boðið til þátttöku, auk þess byggingarfulltrúum og fleiri aðilum. Berglind mun senda frekari hugmyndir á stjórnarmenn í vikunni.
- Fastir fundartímar stjórnar. Ákveðið að miða við fjórða þriðjudag hvers mánaðar, en næsti fundur þó 24. ágúst.

Fleira ekki og fundi slitið kl. 12:10.